



9. febrúar 2012
SI-82149


Ákvörðun seðlabankastjóra nr. 1220

Sigríður Benediktsdóttir og gildistími sérákvæðis við reglur Seðlabanka Íslands um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfa- og gjaldeyrisviðskipti starfsmanna nr. 831/2002, sbr. ákvörðun seðlabankastjóra nr. 1219.

Seðlabankastjóraákvörðun nr. 1219 nær ekki til Sigríðar Benediktsdóttur, kt. 260472-5509 fyrr en 23. apríl 2012 enda sækir hún ekki framkvæmdastjórafundum fyrir þann tíma. Sigríður tók við stöðu framkvæmdastjóra fjármálastöðugleikasviðs í ársbyrjun. Hún er hins vegar í hálfu starfi fram til 23. apríl 2012 og dvelst erlendis. Sigríður tók engan þátt í mótun áætlunar um losun gjaldeyrishafna né regluverks varðandi svokallaða fjárfestingarleið (50/50 leið). Þá hefur hún ekki fengið neinar upplýsingar um ofangreint á framkvæmdastjórafundum. Sigríður hefur lagt inn umsókn um þátttöku í 50/50 leið í tengslum við búferlaflutning og fasteignakaup á Íslandi. Ofangreindar reglur hamla ekki þátttöku hennar í því efni fyrir ofangreinda dagsetningu. Eftir 23. apríl 2012 er Sigríður hins vegar háð sömu hömlum og aðrir framkvæmdastjórar bankans varðandi viðskipti vegna gjaldeyrisútboða og fjárfestingarleiðar (50/50 leið).

9. febrúar 2012

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri